

7. gr.

Umsóknir um styrki.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólayfirvalda um að umsækjandi sé við nám.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Fjárhæðir styrkja skulu hverju sinni ákvæðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir og miðast við námslengd og búsetu umsækjenda.

9. gr.

Afgreiðsla styrkja.

Afgreiðsla styrkja fer fram samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma.

Við móttöku styrkja úr sjóðnum skal styrkhafi sýna fram á framvindu náms með vottorði frá viðkomandi skóla.

Afgreiðsla sjóðsins skal vera hjá Siglingamálastofnun ríkisins, en heimilt er stjórn sjóðsins að fela viðurkenndri bankastofnun vörslu hans.

10. gr.

Reikningsskil.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem skipaðir eru af ráðherra til tveggja ára í senn, skv. tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Skal stjórnin leggja endurskoðaða reikninga fyrra almanaksárs fyrir samgönguráðherra eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, og öðlast gildi þann 1. september 1988. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 496/1984 um styrktar- og lánasjóð til öflunar atvinnuréttinda á skipum.

Samgönguráðuneytið, 26. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hólmavíkur 1985—2005.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 12. ágúst 1988 staðfest breytingu á staðfestum aðalskipulagsuppdraetti Hólmavíkur 1985—2005.

Breyting þessi er í því fólgin að umferðarkerfi breytist þannig að ný tengigata kemur meðfram strandlínunni við höfnina. Nýtt land við höfnina, vestan og norðan umrædds vegar, sem fékkst með uppþælingu úr höfninni, verður notað til iðnaðarstarfsemi.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Hólmavíkurbreytingar hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hún verði staðfest.

Aðalskipulagsuppráttur Hólmavíkur er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 19. nóvember 1986 breytist því í samræmi við ofangreint.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 3, 8. janúar 1988.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði B., F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

- A. Í Héraðsflóa, frá og með 1. september 1988 til og með 31. desember 1988, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvíta að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfla (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar frá og með 1. október 1988 til og með 31. desember 1988, norðan 65° og utan fjögurra sjómíla frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvíta í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.
- C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1988 til og með 31. desember 1988, utan línu, sem dregin er 8 sjómílu utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavíta í Ísafjardardjúpi. Norðan línu, sem dregin er 317° frá Óshólavíta norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 19. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988—1990 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. ágúst 1988.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.